



Skýrsla um innra mat



2020-2021

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Um Brúarskóla	2
Innra mat í Brúarskóla	2
Niðurstöður innra mats	3
Skipulag náms og námsumhverfis	3
Námshættir og námsvitund	3
Verkferlar	4
Ráðgjöf innan Brúarskóla	4
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	5
Faglegt samstarf	5
Velferð og líðan nemenda	5
Samantekt	7
Skipulag náms og námsumhverfis	7
Námshættir og námsvitund	7
Verkferlar	7
Ráðgjöf innan Brúarskóla	7
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	7
Faglegt samstarf	8
Velferð og líðan nemenda	8
Umbótaáætlun 2020-2022	8
Heimildir	11
Gögn	11

Inngangur

Um Brúarskóla

Brúarskóli er annar af tveimur sérskólum í Reykjavík. Hann var stofnaður árið 2003 og er ætlaður fyrir nemendur sem eiga við alvarlegan geðrænan, hegðunarlegan eða félagslegan vanda að etja. Skólinn starfar á fimm stöðum í borginni. Í Vesturhlíð er pláss fyrir 24-27 nemendur hverju sinni, ásamt því að ráðgjafarsvið skólans er staðsett þar. Í Grafarholti og Grafarvogi eru starfræktir þátttökubekkir, Brúarsel og Brúarhús, í samstarfi við Ingunnarskóla annars vegar og Húsaskóla hins vegar. Þátttökubekkirnir eru ætlaðir nemendum á miðstigi úr þessum hverfum og er pláss fyrir 4-6 nemendur í hvorum bekk. Á Dalbraut fer fram sjúkrakennsla fyrir nemendur sem eru á Barna- og unglingageðdeild og á Stuðlum er einnig sjúkrakennsla fyrir þá nemendur á grunnskólaaldri sem þar eru. Í Brúarskóla starfa um 50 manns.

Brúarskóli er tímabundið úrræði og markmiðið „að skapa jákvæð og uppbyggileg skilyrði svo nemandinn geti bætt hegðun sína og félagsfærni í námi og skólastarfi og jafnframt er heimaskóli nemandans efldur til áframhaldandi starfs með honum.“ (Hrund Logadóttir, Steinunn Ármannsdóttir og Sara Björg Ólafsdóttir, 2012, bls. 28).

Við Brúarskóla starfar ráðgjafarteymi sem veitir starfsmönnum almennra skóla ráðgjöf vegna nemenda sem sýna erfiða hegðun í skólastarfinu. Í ráðgjafarteyminu starfa deildarstjóri, sálfræðingur og kennari.

Einkunnarorð Brúarskóla eru jákvæðni, virðing og ábyrgð og eru þau höfð að leiðarljósi í öllu starfi skólans.

Innra mat í Brúarskóla

Grunnskólum ber, skv. 35. og 36. greinum gildandi laga um grunnskóla, að gera innra mat á starfsemi skólans (lög um grunnskóla nr. 91/2008). Markmið með matinu eru að upplýsa um starfsemi skólans og tryggja gæði og framþróun skólastarfsins.

Í Brúarskóla starfar matsteymi sem leitt er af stjórnendum skólans. Teymið vinnur samkvæmt áætlun um innra mat sem nánar er fjallað um í skólanámskrá.

Vegna sérstöðu skólans eru ýmsir þættir sem geta haft áhrif á sjálfsmatið og framsetningu niðurstaðna. Má þar helst nefna fæð nemenda og í hversu stuttan tíma þeir stunda nám við skólann. Ekki er unnt að birta nákvæmar niðurstöður varðandi nám nemenda og ekki er hægt að gera endurtekið mat á árangri í námi vegna þess hve stutt nemendur stoppa við. Auk þess er foreldrasamstarf ekki með hefðbundnum hætti vegna stuttrar skólavistar nemenda.

Niðurstöður innra mats

Skólaárið 2020-2021 var áætlað að áhersla í innra mati yrði lögð á eftirfarandi þætti: Skipulag náms og námsumhverfis, námshættir og námsvitund, verkferlar, ráðgjöf innan Brúarskóla, stjórnandinn sem faglegur leiðtogi, faglegt samstarf, og velferð og líðan nemenda. Heimsfaraldur Covid-19 setti sitt mark á starfsemi skólans og varð til þess að áætlanir röskuðust að nokkru leyti. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum úr matinu sem fór fram.

Skipulag náms og námsumhverfis

Mikilvægt er að nám nemenda sé vel skipulagt og að námsumhverfi styðji vel við námið. Í aðalnámskrá er fjallað um ábyrgð kennara í því að skapa námsumhverfi sem er hvetjandi og styðjandi. Í matsáætlun Brúarskóla var áætlað að leggja mat á skipulag náms og námsumhverfis þar sem þau viðmið voru sett að námsáætlun væri gerð fyrir hvern nemanda og hún kynnt nemendum og foreldrum, og að kennarar teldu námsumhverfið og aðbúnað í skólanum styðja við nám og þarfir nemenda.

Athugun sýndi að áætlun var unnin fyrir hvern og einn nemanda. Farið var yfir áætlun með foreldrum og nemendum í foreldraviðtölum í nóvember og maí.

Í febrúar 2021 var rafræn könnun um námsumhverfið lögð fyrir kennara. Svarmöguleikar voru settir fram á raðkvarða frá 1 (mjög sammála) upp í 5 (mjög ósammála). Niðurstöður sýna að 14 kennarar (56%) af 25 sem svöruðu könnuninni, telja að námsumhverfið í kennslustofu sinni sé hvetjandi fyrir fjölbreytt nám (svar 1 og 2) en þrír kennarar (12%) töldu að umhverfið í kennslustofunni væri ekki hvetjandi fyrir fjölbreytt nám (svar 4 og 5). Svör átta kennara (32%) voru á miðjunni (svar 3). 15 kennarar (60%) töldu að námsumhverfið í kennslustofunni styðji við að nemendur náí markmiðum sínum, en tveir kennarar (8%) töldu svo ekki vera. Önnur svör (32%) lágu á miðjunni líkt og við fyrri spurningu. Rúmlega helmingur kennara (52%) sögðust hafa aðgang að þeim tækjum, tólum og gögnum sem þeir þurfa til þess að halda uppi fjölbreyttri og hvetjandi kennslu. Fimm kennarar (20%) svöruðu þessu neikvætt (svar 4) en sjö (28%) voru hlutlausir (svar 3).

Þá var spurt hvort kennararnir hefðu hugmyndir að því hvernig mætti bæta námsumhverfið svo það sé meira hvetjandi og styðjandi. Meðal þeirra hugmynda sem komu fram voru betri húsgögn, bætt aðgengi að tækni, annars konar húsgögn en borð og skólar s.s. sófar og jógaboltar. Bætt lýsing og hljóðvist. Þá var óskað eftir meira rými og stærri kennslustofum.

Námshættir og námsvitund

Í Brúarskóla er áhersla lögð á einstaklingsmiðað nám og kennslu þar sem nemandinn og þarfir hans eru ávallt í öndvegi. Unnið er út frá áhuga og styrkleikum nemenda og sú mynd sem þeir hafa af sér sem námsmenn þannig efla og styrkt. Í matsáætlun var ætlunin að skoða hvort nemendur séu meðvitaðir þátttakendur í námi sínu. Þau viðmið voru sett að nemendur væru áhugasamir um námið og að áhugi þeirra og styrkleikar fái að njóta sín.

Í niðurstöðum könnunar sem lögð var fyrir nemendur í maí 2021 kom fram að 30% nemenda sögðust hafa áhuga á náminu sínu og 35% til viðbótar sögðust stundum hafa áhuga á náminu en 35% sögðust ekki hafa áhuga á náminu. 79% nemenda voru ánægð með þá þemavinnu sem hafði verið í skólanum, 11% sögðu hana sæmilega en 10% að hún mætti vera betri eða væri leiðinleg. Aðspurðir hvort nemendur hefðu tækifæri til þess að læra eins og þeim þykir best sögðu 26% að svo væri alltaf eða næstum alltaf, 53% stundum en 21% sagði að þeir fái sjaldan eða aldrei að læra eins og þeim þykir best. Sem dæmi um það sem nemendur nefndu þegar þeir voru spurðir hvernig þeim þyki best að læra má nefna „í ró og næði“, „í hljóði“, „fá lesnar upplýsingar“, „í friði“, „með vini“ og „sjónrænt“. Þegar nemendur voru spurðir hvort þeir væru sammála eða ósammála því að þeir gætu náð árangri í námi í Brúarskóla voru svör þeirra á þá leið að 79% eru sammála en 21% ósammála. 20 nemendur af 32 svöruðu könnuninni.

Verkferlar

Í flóknu skólastarfi er mikilvægt að verkferlar séu skýrir og að starfsfólk þekki þá. Það veitir starfsfólki og öðrum sem koma að skólastarfinu öryggi og stuðlar að samfellu í starfinu. Áætlað var að yfirfara verkferla skólans, uppfæra þá eftir þörfum og kanna hvort þeir séu aðgengilegir starfsfólki eftir því sem við á, og hvort starfsfólk þekki þá verkferla sem það þarf að framfylgja og vinni samkvæmt þeim.

Ekki náðist að yfirfara alla verkferla skólans, né að kynna þá alla fyrir starfsfólki. Eftirfarandi ferlar og áætlanir voru yfirfarnar og uppfærðar eftir þörfum og settar á heimasíðu eða kynntar starfsfólki eftir því sem við á: Verkferill vegna gula og rauða herbergis, verkferill vegna ofbeldis og alvarlegra uppákoma, hegðunarstefna Brúarskóla, ferill vegna stöðumatsfunda og eyðublöð fyrir stöðumatsskýrslu, ferill ráðgjafar, aðlögun nemenda í heimaskóla, eineltisáætlun nemenda, forvarnaráætlun, jafnréttisáætlun.

Enn er eftir að ljúka yfirferð á eftirfarandi verkferlum og áætlunum: inntaka nemenda, upplýsingafundur, eineltisáætlun starfsmanna (er í vinnslu), rýmingaráætlun (er í vinnslu), samskipti við heimaskóla (er í vinnslu).

Ráðgjöf innan Brúarskóla

Við Brúarskóla starfar ráðgjafarteymi sem hefur það hlutverk að veita starfsfólki Brúarskóla ráðgjöf og aðstoð í vinnu sinni með nemendum skólans, auk þess að veita starfsfólki í almennum skólum ráðgjöf vegna nemenda sem sýna erfiða hegðun í skólastarfinu

Í innra mati skólaárið 2020-2021 var áhersla lögð á að auka samstarf ráðgjafa og starfsmanna innan Brúarskóla. Markmiðið var að ráðgjafarsvið væri starfsmönnum innan handar í vinnu og skipulagi til að takast á við erfiða hegðun nemenda og koma með hugmyndir að lausnum og nýja sýn á starfið.

Vegna Covid-19 og takmarkana í skólastarfi fór ráðgjöf innan Brúarskóla ekki fram með hefðbundum hætti skólaárið 2020-2021 og því ekki talið rétt að leggja fyrir könnun á meðal starfsmanna um mat þeirra á ráðgjöf og samstarfi við ráðgjafarsviði Brúarskóla á þann hátt

sem áætlað var, vegna þess að ekki myndi fást rétt mynd af þeirri ráðgjöf og samstarfi sem átti sér stað þennan veturinn.

Ráðgjafar sátu samráðsfundi með starfsfólki Brúarskóla, eins og leyfilegt var hverju sinni, á miðstigi, unglingastigi, Brúarseli, Brúarhúsum og með öðru starfsfólki. Á þeim fundum var óskað eftir mati starfsfólks á starfi ráðgjafarsviðs, eins og hægt var.

Það sem kom fram af hálfu starfsmanna var að stuðningur ráðgjafarsviðs væri nauðsynlegur fyrir starfsfólk til að fá bæði speglun og hugmyndir í vinnu með krefjandi nemendum. Starfsmenn voru ánægðir með aðkomu ráðgjafarsviðs og óskuðu eftir aðstoð, bæði fundum til að fá mat á hugmyndum og nýja sýn á vanda hverju sinni en einnig óskuðu starfsmenn eftir aðkomu ráðgjafarsviðs í kennslu, áhorfi og einstaklingsvinnu með nemendum og sviðið reyndi eins og takmarkanir leyfðu að verða við því.

Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi

Samkvæmt lögum um grunnskóla hefur skólastjóri það hlutverk að vera faglegur leiðtogi í skólastarfinu. Aðrir skólastjórnendur geta deilt því hlutverki með honum. Stjórnendur skólans veita þannig forystu í að móta sýn og stefnu skólans og stuðla að samhljómi meðal starfsmanna. Þau viðmið voru sett í matsáætlun Brúarskóla að starfsfólk skólans upplifi að stjórnendur skólans hafi skýra sýn og marki skýra stefnu sem starfsfólk er meðvitað um og vinnur sameiginlega að. Áætlað var að leggja könnun fyrir starfsfólk skólans í lok skólaársins en ákveðið var að bíða með það, þar sem skólaárið hafði verið afar óvenjulegt vegna heimsfaraldursins. Í viðhorfskönnun starfsmanna Reykjavíkurborgar 2021 kom fram að 68% starfsfólks segist mjög sammála því að það þekki markmið og stefnu skólans og 27% segjast frekar sammála því. 5% svöruðu *hvorki né*, en enginn svaraði neitandi.

Faglegt samstarf

Í Brúarskóla er miðað að því að kennarar skólans eigi reglulega samstarf um nám og kennslu, með það að markmiði að styrkja nám nemenda, og að skólastarfið einkennist af lýðræði og fagmennsku. Í matsáætlun skólans var það viðmið sett að kennarar upplifi að fagmennska þeirra nýtist í starfi og fá að njóta sín, og að samstarf sé á milli kennara þar sem allir upplifa að þeir leggi sitt af mörkum og að á þá sé hlustað í samstarfshópnum. Vegna takmarkana á skólastarfi á tímum heimsfaraldursins var samstarf kennara ekki með hefðbundnum hætti þetta skólaárið. Því var mati á þessum þætti frestað.

Velferð og líðan nemenda


Í öllu skólastarfi hlýtur velferð og líðan nemenda að vera mikilvægasti þátturinn. Nemendur sem koma í Brúarskóla hafa margir hverjir neikvæða upplifun af skóla og þeim getur reynst erfitt að koma í nýtt skólaumhverfi. Flestir nemendur hafa stutta viðdvöl í Brúarskóla, oft um eitt skólaár þó sumir séu lengur. Því er mikilvægt að huga að líðan þeirra og markmiðið að byggja upp jákvæða upplifun af skólastarfi hjá þeim.

Brúarskóli er fámennur skóli og nemendur í litlum hópum sem gefur starfsmönnum skólans kjörið færi á að mynda góð tengsl við nemendur, kynnast þeim vel og læra að þekkja styrkleika þeirra. Áhersla er lögð á að styrkja sjálfsmynd nemenda og efla skólafærni þeirra. Starfsmenn leggja kapp á að hrósa nemendum þegar færi gefst og hvetja þá áfram í skólastarfinu.

Í maí 2021 var könnun á líðan lögð fyrir nemendur Brúarskóla í Vesturhlíð, Brúarseli og Brúarhúsum. 20 nemendur svöruðu könnuninni. Þau viðmið voru sett í matsáætlun skólans að öllum nemendum líði vel í skólanum. Markmið þessa þáttar er að nemendur upplifi sig örugga í skólanum, þeim líði vel og geti náð árangri.


Niðurstöður sýna að rúmlega helmingi (55%) nemenda líður annað hvort vel eða mjög vel í skólanum, 30% líður ágætlega, engum líður illa en einn nemandi (5%) sagði að sér líði mjög illa í skólanum.

Hvernig líður mér í skólanum
20 svör



Aðspurðir hvort nemendur upplifi kvíða gagnvart því að fara í skólann sögðu 40% að svo væri aldrei, 50% nemenda sögðust stundum kvíða yfir því að fara í skólann og 10% nemenda upplifa alltaf kvíða yfir því að fara í skólann. Þetta eru svipaðar niðurstöður og frá árinu 2020.

Í Brúarskóla get ég náð árangri í hegðun
19 svör



Líður í því að bæta líðan nemenda í skólanum er að tryggja að hver og einn fái nám við sitt hæfi og jákvæða athygli starfsfólks. Niðurstöður könnunarinnar sýna að 89,5% nemenda telja sig geta náð árangri í bættri hegðun í Brúarskóla og 79 % telja sig geta náð árangri í náminu. 90% nemenda sögðust fá hjálp í því

sem þau þurftu og 80% nemenda upplifa sig örugg í skólanum. 95% nemenda sögðust upplifa að starfsmenn spjalli við sig daglega og 90% sögðust frá hrós daglega (60% oft á dag og 30% að minnsta kosti einu sinni á dag).

Í samanburði við niðurstöður úr síðustu nemendakönnun, vorið 2020, kemur í ljós að nemendur upplifa almennt betri líðan í skólanum þetta skólaár, en í könnuninni 2020 kom fram að 19% nemenda leið annað hvort illa eða mjög illa í skólanum. Í umbótaáætlun skólans var meðal annars sett það markmið að bæta líðan nemenda. Þessar niðurstöður sýna að líðan nemenda hefur farið batnandi frá því byrjað var að leggja sambærilegar kannanir fyrir vorið 2018. Þá kom fram að 38% nemenda í skólanum leið annaðhvort illa eða mjög illa í skólanum. Þetta er jákvæð þróun, en engu að síður er það stöðug vinna að bæta líðan nemenda. Rétt er að hafa í huga við túlkun niðurstaðna að miklar breytingar verða á samsetningu nemendahópsins í Brúarskóla frá ári til árs.

Samantekt

Hér á eftir er samantekt á niðurstöðum úr innra mati í Brúarskóla skólaárið 2020-2021. Dregnir eru fram styrkleikar og tækifæri til umbóta fyrir hvern þátt.

Skipulag náms og námsumhverfis

Styrkleikar

- Einstaklingsmiðuð áætlun gerð fyrir hvern nemanda og kynnt nemendum og foreldrum

Tækifæri til umbóta

- Huga það af því hvernig má bæta námsumhverfið í skólanum þannig að það sé meira hvetjandi fyrir fjölbreytt nám og styðji betur við að nemendur nái markmiðum sínum.

Námshættir og námsvitund

Styrkleikar

- 79% nemenda eru ánægðir með þemavinnu sem hefur verið í skólanum
- 79% nemenda telja sig geta náð árangri í námi í Brúarskóla

Tækifæri til umbóta

- Áfram þarf að vinna að því að auka áhuga nemenda á námi sínu
- Huga þarf að því að nemendur fái aukin tækifæri til þess að læra á þann hátt sem þeim þykir best

Verkferlar

Styrkleikar

- Búið er að yfirfara og uppfæra stóran hluta að verkferlum og áætlunum skólans og birta á heimasíðu eins og við á

Tækifæri til umbóta

- Ljúka þarf yfirferð á þeim verkferlum og áætlunum sem eftir er

Ráðgjöf innan Brúarskóla

Mat ekki unnið eins og áætlað var vegna áhrifa Covid-19 á skólastarfið

Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi

Mat ekki unnið eins og áætlað var vegna áhrifa Covid-19 á skólastarfið

Styrkleikar

- Flest starfsfólk segist sammála því að það þekki markmið og stefnu skólans (68% mjög sammála, 27% frekar sammála)

Faglegt samstarf

Mat ekki unnið eins og áætlað var vegna áhrifa Covid-19 á skólastarfið

Velferð og líðan nemenda

Styrkleikar

- 55% nemenda líður vel eða mjög vel í skólanum og 30% líður ágætlega
- 89,5% nemenda telja að þeir geti náð árangri í bættri hegðun í Brúarskóla
- 95% nemenda upplifa að starfsfólk spjalli við þá daglega og 90% að þeir fái daglega hrós frá starfsfólki skólans

Tækifæri til umbóta

- 10% nemenda upplifa kvíða tengt því að mæta í skólann

Umbótaáætlun 2020-2022

Þeir þættir í umbótaáætlun Brúarskóla 2020-2022, sem átti að vinna sérstaklega með skólaárið 2020-2021 sneru að velferð og líðan nemenda, fjölbreyttum kennsluháttum, samþættingu námsgreina/þemavinnu, aukinni áherslu á útivist og hreyfingu, samstarfi við heimaskóla, starfsánægju, líðan og aðbúnaði á vinnustað, stjórnun skólans og innleiðingu menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Aukin áhersla hefur verið lögð á að hver og einn nemandi fái óskipta athygli starfsmanns á hverjum degi. Að spjallað sé við nemendur um áhugamál þeirra og þeir fái hrós og hvatningu daglega, bæði í námi og hegðun.

Þetta skólaár hefur ekki verið hefðbundið þar sem Covid-19 hefur haft sín áhrif. Reynt var að halda áhrifum af heimsfaraldrinum á skólastarfið í lágmarki, en um tíma þurfti að skerða skóladaginn og breyta skipulagi. Þetta ástand hefur valdið sumum nemendum auknum kvíða og haft veruleg áhrif á líðan þeirra, þrátt fyrir að reynt hafi verið að halda stöðugleika í skólastarfinu og leggja aukna áherslu á vellíðan og öryggi nemenda. Mikil áhersla hefur verið á að flétta áhugasvið nemenda inn í nám þeirra, hlusta eftir þeirra skoðunum og óskum og taka tillit til þess sem þeir hafa fram að færa.

Á skólaárinu var áætlað að auka þemavinnu og þar með samþættingu námsgreina og fjölbreytni í kennsluháttum. Kennarar hafa dregið úr bókakennslu og nýta í auknum mæli aðrar leiðir til þess að nálgast kennslufnið s.s. spil, leiki, tölvuleikjaáhuga nemenda, sköpun og tækni (s.s. ípad og tölvur). Dæmi um þemaverkefni sem hafa verið unnin í vetur eru geimurinn þar sem unnið var með lesskilning í bland við gagnaöflun og sköpun, hljómsveitarvinna þar sem reynir á samvinnu, að taka tillit til annarra og unnið með ensku og tónfræði, sjö undur veraldar þar sem lestur, ritun, stafsetning, saga og félagsfræði fléttaðist saman ásamt myndlist og stærðfræði. Í unglingsdeild var vetrinum skipt upp í tímabil sem hvert átti sitt þema, þ.e. samskipti, svefn, mataræði, félagsfærni, útivist og íþróttir.

Reynsla kennara af þemavinnunni var að flestir nemendur yrðu virkari og gengi betur að vinna að sameiginlegum markmiðum, auk þess sem fleiri fengu tækifæri til að nýta styrkleika sína í náminu. Í könnun sem nemendur svöruðu kom fram að 79% nemendum líkar þemavinnan vel eða mjög vel. Í unglिंगadeild var farið af stað með aukið val í unglिंगadeild, og hefur það gefist mjög vel.

Umbótum á skólalóð Brúarskóla í Vesturhlíð lauk seint á haustönn 2020 og hefur útivera nemenda stóraukist í kjölfarið. Skólinn fékk að gjöf nokkur hjól á síðasta ári, sem hafa mikið verið notuð. Á miðstigi í Vesturhlíð er föst útivist tvisvar á dag. Í unglिंगadeild er mjög reglulega farið í gönguferðir um Öskjuhlíðina og fastur liður á vordögum er að unglिंगadeild fari í Siglunes. Auk þess hefur verið fjallgönguval í unglिंगadeild í vor þar sem farnar eru gönguferðir vikulega. Á öðrum starfsstöðvum Brúarskóla er einnig regluleg útivist, farið í gönguferðir og leiki úti. Fyrir utan hefðbundna íþróttatíma hefur nemendum verið boðið upp á aukna hreyfingu. Sumir nemendur eru með „hreyfipásu miða“ sem þeir geta vísað fram þegar þeir telja sig þurfa á smá hreyfingu að halda. Í umbun er gjarnan boðið upp á hreyfingu úti eða inni. Borðtennisborð skólans hefur mikið verið notað í vetur auk þess sem búið er að koma upp líkamsræktar aðstöðu í Vesturhlíð sem er vel tækjum búin.

Kennarar upplifa að aukin hreyfing og útivist nemenda skili sér í bættri líðan nemenda og léttari lund auk meiri einbeitingu við námið. Nemendur sögðu í könnun sem lögð var fyrir þá í maí 2021 að þeim þætti það kostur að fá hreyfingu og útiveru í skólanum (80%) en nokkrum (33%) fannst jafnframt að enn mætti auka hreyfingu og útivist. Aðspurðir hvort þeir fái tækifæri til að hreyfa sig og losa um orku í skólanum sögðu 55% að þeir fái að hreyfa sig þegar þeir þurfa og 30% að þeir fái það stundum. 5% töldu sig þurfa enn meiri hreyfingu, en 10% að þeir þyrftu ekki mikið að hreyfa sig.

Áætlað er að skýra verkferla og gera leiðbeiningar um samskipti umsjónarkennara við heimaskóla nemenda. Búið er að yfirfara verkferla og skjöl varðandi aðlögun nemenda aftur í heimaskóla. Gerð var könnun á meðal kennara hvernig þeir myndu vilja hafa samskiptin við heimaskóla á meðan á skólavist stendur. Verkferill er í mótun.

Áætlað var að vinna áfram að því að bæta vinnuaðstöðu starfsmanna eins og kostur væri. Í viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar hefur þátturinn *vinnuaðstaða og hæfilegt vinnuálag* komið út með gula niðurstöðu og var það viðmið sett að ná niðurstöðunum grænum. Starf Brúarskóla felur óhjákvæmilega í sér ákveðið álag, þar sem viðfangsefni eru oft erfið og íþyngjandi. Aðstæður nemenda og hegðun þeirra veldur starfsfólki álagi sem erfitt er að komast hjá. Þá er mikilvægt að starfsfólk hafi góðan stuðning í starfinu og þær spurningar í viðhorfskönnuninni sem snúa að stuðningi koma jafnan vel út og einkunn þeirra hækkar örlítið á milli ára. Aðeins hefur dregið úr því að starfsfólk upplifi að það hafi ekki bjargráð eða aðstæður til þess að takast á við þau verkefni sem þeim eru falin, en starfsfólk upplifir áfram að það þurfi að vinna á miklum hraða og hafi of mikið að gera. Á starfsdögum í júní 2021 ræddi starfsfólk skólans í hópum um þessi atriði og skiluðu niðurstöðum og hugmyndum að úrbótum til stjórnenda sem eftir er að vinna úr. Rétt að hafa í huga að samkvæmt niðurstöðum viðhorfskönnunar Reykjavíkurborgar upplifir starfsfólk hjá skóla- og frístundasviði og Reykjavíkurborg í heild, að

Það hafi of mikið að gera í vinnunni og þurfi að vinna á miklum hraða. Brúarskóli sker sig því ekki úr hvað þetta varðar.

Samkvæmt niðurstöðum viðhorfskönnunar vantar enn upp á að starfsfólk telji sig hafa aðgang að gögnum og tækjum sem þeir þurfa og að þeir meti vinnuaðstöðu sína góða. Í starfsmannasamtölum á vorönn 2021 var komið inn á þennan þátt og verður brugðist við því sem kom þar fram eftir því sem við á.

Markmið í umbótaþættinum sem snýr að stjórnun skólans voru að starfsmenn upplifi að þeir fái hvatningu frá yfirmanni sínum og að tekið sé á ágreiningsmálum innan vinnustaðarins. Í viðhorfskönnun starfsmanna Reykjavíkurborgar frá árinu 2020 komu þessir þættir út með gula einkunn og þótti ástæða til að bæta úr. Stjórnendur skólans einsettu sér að auka áherslu á að hrósa starfsmönnum og hvetja þá til dáða í störfum sínum. Í flóknu og síbreytilegu skólastarfi á tímum heimsfaraldurs hafa stjórnendur orðið varir við að þörf starfsmanna fyrir viðurkenningu og hvatningu hefur aukist, og stjórnendur því lagt sig enn meira fram.

Í starfsmannasamtölum sem fóru fram í apríl og maí 2021 lögðu stjórnendur sérstaka áherslu jákvætt og uppbyggjandi samtal. Dregnir voru fram jákvæðir eiginleikar hvers einstaklings og hvernig þeir njóta sín í starfinu, starfsfólki var hrósað og það hvatt áfram í störfum sínum. Niðurstöður viðhorfskönnunar að vori 2021 sýna þróun í rétta átt varðandi að starfsmenn upplifi að þeir fái hvatningu frá yfirmanni sínum, þó einkunnin sé enn gul.

Hvað ágreiningsmál varðar hafa stjórnendur leitast við að leysa þau mál sem hafa komið inn á þeirra borð, en niðurstöður viðhorfskönnunar sýna enn að starfsfólk upplifi að ekki sé tekið nægilega vel á ágreiningsmálum. Áfram verður unnið að því að bregðast hratt við þeim málum sem koma upp og leysa þau á farsælan hátt.

Stjórnendur skólans sóttu sér handleiðslu markþjálfra á vorönn 2021 til þess að efla sig sem leiðtoga og sem teymi. Áætlað var að hafa fræðslu um jákvæð samskipti á vinnustað á skólaárinu 2021 og ítrekaðar tilraunir gerðar til að setja það á dagskrá, en það frestaðist vegna Covid-19. Um er að ræða annars vegar fyrirlestur á vegum KVAN og hins vegar námskeið frá Streituskólanum. Áætlað er að hafa fræðsluna í upphafi næsta skólaárs.

Menntastefna borgarinnar samræmist vel starfsemi og stefnu Brúarskóla. Í Brúarskóla hefur megináhersla alltaf verið á að námið taki mið af áhuga og getu hvers og eins, að styrkja sjálfsmynd nemenda og styðja þá í að finna sínar sterku hliðar, auk þess að efla félags- og samskiptafærni þeirra. Þessir þættir eru áberandi í öllu starfi Brúarskóla. Við skoðun á skólastarfinu, út frá gátlistum um grundvallarþætti menntastefnunnar, kom í ljós að efla þyrfti grundvallarþættina heilbrigði og sköpun. Í vetur hefur sérstakt kapp verið lagt á fræðslu um heilbrigði og á að styrkja sjálfsmynd, samskipti og framtíðarsýn nemenda. Auk þess sem þáttur sköpunar var aukinn með þemaverkefnum og vali í unglingadeild eins og lýst er hér að framan.

Heimildir

Hrund Logadóttir, Steinunn Ármannsdóttir og Sara Björg Ólafsdóttir (ritstjórar). (2012). *Skóli án aðgreiningar og sérstakur stuðningur við nemendur. Stefna skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar*. Sótt af https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulysingar/Stefna-skolianadgreiningar1.pdf

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013*. Reykjavík: Höfundur.

Reykjavík. (2018). Um menntastefnu. Sótt af <https://menntastefna.is/um-menntastefnu/>

Gögn

Könnun á námsumhverfi lögð fyrir kennara Brúarskóla í febrúar 2021

Könnun *Sjálfsmat nemenda* lögð fyrir nemendur Vesturhlíð, Brúaseli og Brúarhúsum í maí 2021

Viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar. Lögð rafrænt fyrir starfsmenn í mars 2021